

lögreglurjettardóminn. Málskostnaður verður að greiðast af almannafje, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur að öðru leyti verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminu hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera ómerkur. Málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 53/1889

Július Havsteen  
gegn  
Þorleifi Jónssyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af formanni amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, amtmanni Júlíusi Havsteen, eptir boði landshöfðingjans, gegn ritstjóra Þjóðólfs Þorleifi Jónssyni út af meidandi ummælum í grein nokkurri í 51. tölubl. 40. árg. Þjóðólfs, út komnu 5. nóv. 1888, með fyrirsögn: «Amtsráðið fyrir norðan». Var það dæmt í bæjarþinginu 23. maí þ. á., með þeim úrslitum, að hin sjerstaklega átöldu orð í nefndri blaðagrein og greinin í heild sinni, að því leyti hún er meidandi og móðgandi fyrir sækjandann, var dæmt dautt og ómerkt, og Þorleifur ritstjóri Jónsson sektaður um 80 kr. til landssjóðs, og yrði

sektin ekki greidd í ákveðinn tíma skyldi hann sæta 24 daga einföldu fangelsi. Svo var honum og gjört að greiða allan málskostnað, einsog málið, sem sótt var með gjafsókn, ekki hefði verið gjafsóknarmál, og þar á meðal 10 kr. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns sækjanda, kand. juris Hannesar Hafsteins.

Þessum dómi hefur amtmaður Júlíus Havsteen stefnt fyrir yfirdóminn til staðfestingar, og til þess fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann. Að hann stefndi til staðfestingar kom af því, að honum þótti stefnufrestur sá óhæfilega langur, með hverjum hinn stefndi hafði áfrýjað málinu; en Þorleifur Jónsson hefur undir rekstri málsins gagnáfrýjað því. Rjettarkrafa aðaláfrýjanda fyrir landsyfirdóminum er, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað eins og málið væri eigi sótt með gjafsókn, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hins skipaða talsmanns, en gagnsökinni heimtar hann frávísað. Á hinn bóginn hefur gagnáfrýjandi krafizt, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum aðaláfrýjanda og honum dæmdur nægilegur málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi. Loks hefur hann krafizt, að talsmaður aðaláfrýjanda verði sektaður fyrir meidyrði um gagnáfrýjanda fyrir undirrettu og meidyrði hans dæmd dauð og ómerk.

Þar sem aðaláfrýjandi hefur krafizt, að gagnsökinni verði vísað frá dómi, fyrir þá sök að gagnáfrýjandi hafi ekki lagt fram undirrettardómsgjörðirnar í málinu, þá virðist verða að taka þessa frávisunarkröfu til greina, því að gagnáfrýjanda getur eigi verið heimilt að nota dómsgjörðir aðaláfrýjanda, þrátt fyrir bein

mótmæli hans, til þess að koma fram gagnáfrýjun sinni. En af þessu leiðir aptur, að það verður, eptir kröfu aðaláfrýjanda, að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum at-  
riðum hans.

Það er eigi nægileg ástæða til þess að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um, að hinn skipaði tals-  
maður sækjandans fyrir bæjarþingsrjettinum verði sektað-  
ur fyrir nokkur ummæli í sóknarskjali hans fyrir tjeð-  
um rjetti. Eptir þessum úrslitum málsins er rjett að  
hinn stefndi greiði allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað  
að fyrir yfirdómi, eins og málið eigi hefði verið sótt með  
gjafsókn, þar á meðal málflytningsslaun til hins skipaða  
málsfærslumanns áfrýjandans, 15 krónur.

Að því leyti málið hefur verið rekið með gjafsókn,  
hefur sókn í því verið lögleg bæði í hjeraði og fyrir  
yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera órask-  
aður. Hinn stefndi, Þorleifur ritstjóri Jónsson,  
greiði allan af málinu fyrir yfirdómi löglega leiðandi  
kostnað, eins og það eigi hefði verið gjafsóknar-  
mál, þar með talin málflytningsslaun til hins skip-  
aða sækjanda fyrir yfirdómi, landshöfðingjaritara  
Hannesar Hafsteins, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.